

Kæru félagar

Málefni EFÍA skipta alla sjóðfélaga máli. Þetta er ekki bara málefni eldri sjóðfélaga EFÍA eða þeirra sem sitja í stjórn sjóðsins.

Ég hóf störf sem flugmaður hjá Icelandair í upphafi árs 1998 og hef á þeim tíma sinnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélag okkar. Þar ber hæst seta í kjarasamningum og vinna í greiningum þeim tengdum.

Ég kom nýr inn í stjórn sjóðsins árið 2010 og hef því setið í stjórn í 16 ár. Mörgum þykir það langur tími en mín reynsla af þessum störfum er að svo er alls ekki. Nauðsynlegt er að hafa góða reynslu því það getur tekið nokkurn tíma að koma sér vel inn í málefni lífeyrissjóða.

Í stjórnarsetu minni í stjórn EFÍA hefur margt borið á góma, sem betur fer flest á jákvæðum nótum en því miður hafa einnig komið upp erfið tímabil. Rekstur sjóðsins hefur engu að síður gengið vel en þó er mjög erfitt ár að baki eftir eitt af farsælustu árum sjóðsins árið 2021. Á þessu tímabili ber hæst uppgjör eftir bankahrunið 2008, yfirfærsla sjóðsins yfir til Arion banka árið 2012, fjárfestingar í höftum þar sem erlend eign EFÍA var mjög lítil eða rétt rúmlega 5% af eignum sjóðsins ásamt fleiri þáttum.

Ég er með viðskiptagráðu frá Háskóla Íslands og meistargráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík.

Að ofansögðu þá tel ég mig vel hæfan, bæði varðandi menntun og reynslu til að halda áfram að sinna málefnum EFÍA.